

Snúum vörn í sókn

Í septemberlok sótti ég stjórnarfund í alþjóðlegu félaga- og útbreiðslunefndinni fyrir hönd DKG á Íslandi. Fundurinn var haldinn í Austin í Texas og eiga öll fimm svæðin innan alþjóðasamtakanna fulltrúa í henni. Sit ég í stjórninni sem fulltrúi Evrópu.

Á fundinum voru rædd markmið nefndarinnar næstu tvö árin og hvernig best sé að taka á helsta veikleika samtakanna sem er fækkun félagskvenna en þeim hefur fækkað um fimm þús. á síðustu fjórum árum. Það þarf því ekki að spyrja að leikslokum ef fram heldur sem horfir.

Samþykkt var að hver okkar hringdi í formenn í félaga- og útbreiðslunefnd á hverju svæði fyrir sig til að kanna hver staðan væri, hvort eitthvað væri hægt að aðstoða og fá netföng einstakra félagafulltrúa í deildum til að geta sent þeim tölvupóst og eflt þannig hin beinu samskipti. Síðast en ekki síst var spurt hver væri helsta áskorunin á næstu tveimur árum. Niðurstöðurnar verða birtar í næsta Membership Memo sem kemur út í byrjun næsta árs.

Eftir að hafa hringt í formennina í þeim níu löndum í Evrópu sem DKG starfar í má segja að niðurstaðan hafi verið sú að konur voru heldur svartsýnar á að það takist að snúa þróuninni við. Allar lýstu ánægju sinni yfir að verið væri að gera eitthvað í málunum. Sameiginlegt vandamál virðist vera að félagskonur séu að eldast og erfitt að fá yngri konur inn í samtökin.

Ísland er nær eina landið í alþjóðasamtökunum sem félagskonum og deildum hefur fjölgað undanfarin ár (ekki þó á síðasta ári). Við getum verið stoltar af þeim konum sem hafa verið í forsvari fyrir þessum mikla vexti. Það er mikið horft til Íslands til að leita leiða við að snúa þróuninni við. Ábyrgð okkar er því mikil og við megum ekki slá slöku við heldur halda áfram að vaxa og fjölga félagskonum.

Á fundinum var mikið rætt um mikilvægi þess að vera vakandi fyrir því hvaða konur mæta illa og hafa samband við þær. Oft þarf ekki nema smáhvatningu. Konur þurfa að finna að hver og ein þeirra skiptir máli fyrir samtökin. Við þurfum allar að hafa þetta í huga auk þess sem mikilvægt er að þær deildir sem standa veikt fá stuðning.

Á fundinum voru einnig samin drög að markmiðum næstu tveggja ára, farið yfir International Membership Committee Procedure Manual og farið yfir þær upplýsingar sem eru á vefnum um Membership committee:

<http://www.dkg.org/site/c.meJMIOOwErH/b.6694537/k.22DB/Membership.htm>

Samkvæmt lögum alþjóðasamtakanna á að vera félagafulltrúi í hverri deild sem ekki á sæti í stjórn deildar. Þegar ég hringdi í formennina í Evrópulöndunum kom í ljós að nokkur lönd þar á meðal Ísland eru ekki með félagafulltrúa í deildum. Sum lönd skipa einhvern í stjórn deildarinnar til að gegna hlutverki félagafulltrúa. Í Danmörku er það gjaldkerinn, í öðrum löndum er það formaður eða varaformaður. Sjálf tel ég eðlilegt að einhver innan stjórnar sinni þessu hlutverki.

Fundurinn í heild var góður og flottar konur í nefndinni. Maður fær mun betri innsýn í alþjóðasamtökin með því að taka þátt í nefndarstarfi. Margt er vel gert og eru dugnaðarkonur í forsvari, annað mætti betur fara.

Kristín Jónsdóttir, Gammadeild, nóvember 2012